

## L Ö G

88

27. des.

um breyting á lögum nr. 66/1945, um útsvör.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Í stað „10%“ í 2. málslíð 26. gr. laganna komi: 3%.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 27. desember 1957.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Hannibal Valdimarsson.*

## L Ö G

89

28. des.

um happdrætti í sambandi við skuldabréfalán Flugfélags Íslands.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Heimilt skal Flugfélagi Íslands að hafa happdrætti í sambandi við útgáfu sérskuldabréfa vegna útboðs skuldabréfaláns, þannig að sérskuldabréfin séu samtímis tölusett sem happdrættismiðar.

## 2. gr.

Vinningar í happdrættinu verða flugfarseðlar eða afsláttur af farseðlum með flugvélum félagsins og verður dregið um þá árlega í 6 ár í aprilmánuði, í fyrsta sinn í apríl 1958. Verðmæti vinninga í hverjum drætti verða kr. 300000.00. Réttur til vinninga fellur á öll skuldabréf lánsins. Dráttur fer fram hjá borgarfélagnum í Reykjavík.

## 3. gr.

Falli happdrættisvinnungur á sérskuldabréf, skal hans vitjað innan fjögurra ára frá útdrætti, ella fellur réttur til vinnings niður.

## 4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 28. desember 1957.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Hermann Jónasson.*